# TILKYNNING

frá Stangaveiðifélagi Akraness um sölu veiðileyfa 1990

---

1. Aðalsöludagur veiðileyfa verður sunnud. 11. mars. Skulu þeir sem veiðileyfi ætla að fá draga númer frá kl. 10,30 - 12 f.h. og verða veiðileyfi afgreidd eftir þeim númerum frá frá kl. 13 sama dag í félagsheimilinu Röst.

Hinn 12. mars verða óseld veiðileyfi seld til félagsmanna að Suðurgötu 108 kl. 20 - 21.

2. Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiá áður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum skriflegt umboð til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða árgjald ( 1250 kr. ) áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50 % keyptra veiðileyfa og ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir 15. júní er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annarra.

Þeir félagsmenn sem skráðir eru fyrir veiðileyfum á söludegi eru ábyrgir verði veiðileyfin seld til utanfélagsmanna.

3. Veiðileyfin verða seld eftir sömu reglum og undanfarin ár þannig að menn hafa að nokkru leyti frjálst val í þeirri röð sem afgreiðslunúmerin segja til um séu þeir mættir er sala hefst og kemur að þeirra númerum.

4. Í Fáskrúð verða 2 eða 3 stangir en 3 í Flekkudalsá.

Í Langá verða 5 stangir á dag og verður seldur 1 stangardagur í senn. Dagana 14. - 16. ágúst er veiðimönnum í Langá skylt að vera í veiðihúsi og fæði og greiða sérstaklega fyrir það en frá og með 21. ágúst er þeim í sjálfsvald sett hvort þeir nota húsið. Ef það er notað greiðast 1200 kr. p/stöng á dag fyrir notkunina. (Fæði sjá menn þá um sjálfir )

Í öllum ánum hefst veiði samkvæmt veiðileyfum á miðjum degi. ( kl. 16 eða 15 )

5. Komi upp ágreiningur um skilning á ofangreindum reglum áskilur félagsstjórn sér rétt til að skera úr í hverju tilfelli svo og að setja viðbótarreglur telji hún það nauðsynlegt.

# GJALDSKRA.

## Fáskrúð

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20.-22. | júní | ..18.000 | 2 stangir |
| 22.-24. | " | ..16.000 | " |
| 24.-26. | " | ..14.000 | " |
| 26.-28. | " | ..14.000 | " |
| 28.-30. | " | ..14.000 | " |
| 30.- 2. | júlí | 15.000 | " |
| 2.- 4. | " | ..15.000 | " |
| 4.- 6. | " | ..17.000 | " |
| 6.- 8. | " | ..19.000 | " |
| 8.-10. | " | ..19.000 | " |
| 10.-12. | " | ..18.000 | " |
| 12.-14. | " | ..18.000 | " |
| 20.-22. | " | ..20.000 | " |
| 22.-24. | " | ..20.000 | " |
| 24.-26. | " | ..18.000 | " |
| ~~4.- 5.~~ | ~~ágúst~~ | ~~17.000~~ | ~~3 stangir~~ |
| 5.- 7. | " | ..18.000 | " |
| 13.-15. | " | ..16.000 | " |
| 15.-17. | " | ..16.000 | " |
| 17.-19. | " | ..16.000 | " |
| 25.-27 | " | ..16.000 | " |
| 27.-29 | " | ..16.000 | " |
| 29.-31. | " | ..16.000 | " |
| 6.- 8. | sept. | 15.000 | 2 stangir |
| 8.-10. | " | ..15.000 | " |
| 10.-12. | " | ..15.000 | " |
| 12.-14. | " | ..15.000 | " |
| 14.-16. | " | ..15.000 | " |
| ~~16.-18.~~ | ~~"~~ | ~~..15.000~~ | " |

## Flekkudalsá.

| | | |
|---|---|---|
| 3.-5. | júlí | ..17.000 |
| 7.-9. | " | ..20.000 |
| 9.-11. | " | ..18.000 |
| 13.-15 | " | ..18.000 |
| 15.-17. | " | ..18.000 |
| 19.-21. | " | ..20.800 |
| 21.-23. | " | ..20.800 |
| 25.-27. | " | ..18.000 |
| 27.-29. | " | ..18.000 |
| 31.- 2. | ág. | ..17.000 |
| 2.- 4. | " | ..17.000 |
| 6.- 8. | " | ..17.000 |
| 8.-10. | " | ..15.000 |
| ~~12.-14.~~ | ~~"~~ | ~~..15.000~~ |
| 14.-16. | " | ..15.000 |
| ~~18.-20.~~ | " | ..15.000 |
| 20.-22. | " | ..15.000 |
| 24.-26. | " | ..15.000 |
| 26.-28. | " | ..12.000 |
| 30.- 1. | sept. | 10.800 |
| 1.- 3. | " | ..10.800 |
| 5.- 7. | " | .. 9.000 |
| 7.- 9. | " | .. 9.000 |

## Langá

| | | |
|---|---|---|
| 14.-16. | ágúst | ..16.000 |
| 21.-23. | " | ..12.400 |
| 25.-26. | " | ..12.400 |
| 8.-10. | sept. | .. 6.200 |